

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 11	Dagsetning	27. desember 2018	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	GP			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Gissur Pétursson (GP), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Svanhvít Jakobsdóttir (SJ) og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	KLÁ, MH			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 27. desember 2018

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (4. desember 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Breyting á stjórn FFR

Frá og með 1. janúar 2019 mun Gissur Pétursson taka við embætti ráðuneytisstjóra nýs félagsmálaráðuneytis og Svanhvít Jakobsdóttir verður skrifstofustjóri yfir skrifstofu fjárlaga í sama ráðuneyti. Þau munu því hverfa úr stjórn FFR um áramótin.

Margrét Hauksdóttir er varaformaður FFR og verður það áfram. Þar sem formaður er kjörinn sérstaklega verður FFR formannslaust fram að næsta aðalfundi.

GP og SJ þökkðu stjórnarmönnum góð kynni og ánægjulegt samstarf og óskuðu félaginu alls hins besta.

### 3. Niðurstöður KMR

Forstöðumenn ríkisstofnana fengu bréf frá KMR fyrir jól þar sem tilkynnt var um grunmat starfa forstöðumanna og nýja launaákvörðun. Stjórnin hefur heyrt í mörgum forstöðumönnum sem eru óánægðir með nýja launaákvörðun.

Fundir forstöðumanna með sínu fagráðuneyti eru byrjaðir og mun JÁJ sitja fundi með þeim forstöðumönnum sem þess óska. Stjórnin samþykkti að JÁJ fari norður á Akureyri föstudaginn 11. janúar 2019 og sitji fundi með forstöðumönnum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

### 4. Fjölmiðlanefnd

Erindi framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar hlaut sérstaka afgreiðslu kjararáðs, þ.e. svo virðist sem gagnaöflun vegna erindis framkvæmdastjóra til kjararáðs hafi lokið haustið 2017 en engu að síður átti ekki að kveða upp úrskurð fyrr en í júní 2018. Einn stjórnarmaður kjararáðs var vanhæfur og vegna skamms fyrirvara náðist ekki að kalla til varamann og var því erindi framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar sent kjara- og mannauðssýslu ríkisins til meðferðar, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996. GP upplýsti stjórnarmenn um fund sem hann og JÁJ áttu með

framkvæmdastjóranum og eiginmanni hennar, en framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar hefur óskað eftir aðkomu FFR vegna mögulegs málareksturs gegn íslenska ríkinu.

Samþykkt að stjórn FFR skoði þetta mál betur áður en ákvörðun verður tekin um aðkomu og viðbrögð FFR. Stjórnin er sammála um að málið þurfi að skoða í víðu samhengi þannig að sem flestir forstöðumenn geti samsamað sig málinu/málarekstrinum.

## 5. Önnur mál

- a. GP upplýsti stjórnarmenn um samtal sem hann átti við Svein Margeirsson, fyrrverandi forstjóra Matís, en stjórn Matís sagði honum nýlega fyrirvaralaust upp störfum. Stjórn Matís gaf út opinberlega að trúnaðarbrestur sé ástæða uppsagnarinnar en það hefur ekki verið útskýrt eða rökstutt frekar. Stjórn FFR samþykkir að JÁJ hafi samband við Svein og fái nánari upplýsingar hjá honum.
- b. Fulltrúar í stjórn þökkðu Gissuri og Svanhvíti fyrir gott samstarf og óskuðu þeim til hamingju með ný störf og velfarnaðar í þeim verkefnum sem bíða þeirra.